

stefnanda til greina, og er þá á því byggt, að eins og mál þetta er vaxið, leiði jöfn áhætta til jafnrar ágóðaskiptingar. Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfu sérstaklega, og er hún tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Eggert Kristjánssyni, hæstaréttarlögmanni og endurskoðanda, og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigmundi P. Lárussyni, kr. 187.855 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. september 1975.

Nr. 161/1974. **Hreppsnefnd Mosfellshrepps**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Borgarsjóði Reykjavíkur vegna

Hitaveitu Reykjavíkur

(Páll Líndal hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Arnljótur Björnsson.

Fasteignaskattur. Synjun lögtaksgerðar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. september 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að gera lögtak í eignum stefnda til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti álögðum 1972, að fjárhæð kr. 3.120.000 „auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta frá

gjald dags til greiðsludags, auk alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi 14. júní 1974 lagði áfrýjandi ágreiningsefnið fyrir yfirfasteignamatsnefnd ríkisins. Hinn 5. september 1974 úrskurðaði yfirfasteignamatsnefnd, að stefnda væri óskýlt að greiða viðbótarfasteignaskatt þann, sem um er deilt í málinu.

Gjaldheimta þessi byggist á ákvæðum II. kafla laga nr. 8/1972. Í 3. mgr. 4. gr. laganna segir: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna“. Ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 320/1972 hagma eigi hinu skýlausa lagaákvæði.

Samkvæmt þessu bar að fá úrlausn yfirfasteignamatsnefndar um ágreiningsefnið, áður en það var borið undir fógeta-rétt.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Mosfellshrepps vegna hreppsins, greiði stefnda, borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hita-veitu Reykjavíkur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og
Arnþjóts Björnssonar prófessors.**

Ágreiningur aðilja um skyldu stefnda til að greiða hinn umdeilda fasteignaskatt var eigi lagður fyrir yfirfasteigna-

matsnefnd ríkisins til úrskurðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972, áður en áfrýjandi bar málið undir fúgetarétt Reykjavíkur. Í nefndu ákvæði segir svo um fasteignaskatt: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna“. Samkvæmt þessu er athugunarefni, hvort framangreint ákvæði girði fyrir það, að lögtakskrafa áfrýjanda nái fram að ganga.

Lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga leystu af hólmi lög nr. 51/1964 um sama efni. Ákvæði um úrlausn ágreinings um skyldu fasteignareiganda til að greiða fasteignaskatt var að finna í 1. mgr. 4. gr. þeirra laga, er sagði svo: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna“. Svipuð ákvæði höfðu lengi verið í löggjöf um fasteignaskatta, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1921, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 69/1937 og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 67/1945, sbr. enn fremur 65. gr. laga nr. 69/1962. Var lagaframkvæmdin sú, að ágreining um gjaldskyldu mætti bera undir dómstóla, enda þótt honum hefði ekki áður verið skotið til ráðherra til úrskurðar. Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 8/1972, segir skýrum stöfum í athugasemdum við 4. gr., að greinin sé samhljóða 4. gr. hinna eldri laga að öðru leyti en því, að yfirfasteignamatsnefnd skeri úr ágreiningi í stað ráðherra, eins og verið hafi. Er ljóst af þessum ummælum, að það hefur ekki verið tilgangur löggjafans með því að víkja nokkuð við orðalagi í niðurlagi 3. mgr. 4. gr. frá því, sem var í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 51/1964, að skjóta þar með loku fyrir, að dómstólar dæmdu um gjaldskyldu fasteignaskattsgreiðanda, nema því aðeins að aflað hefði verið úrskurðar þess stjórnisýsluaðilja, sem bera mætti málið undir. Og þar sem þetta er ekki beinlínis tekið fram í nefndri 3. mgr., þá er rétt að líta svo á, að slíkan ágreining megi bera undir dómstóla eftir sömu reglum og gilt hafa. Meiri hluti dómenda hefur hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu. Er því ekki efni til, að við leggjum efnisdóm á réttmæti lögtakskröfunnar að svo búnu.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 29. maí 1974.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 24. þ. m.

Með bréfi gerðarbeiðanda til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu var þess krafist, að gert yrði lögtak hjá gerðarþola til tryggingar greiðslu á 4% skatts af hlunnindum í Mosfells-hreppi, álöögðum 1972 og 1973. Samkvæmt reikningi gerðarbeiðanda nam skattur þessi kr. 3.120.000 fyrir hvort árið.

Með bréfi sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 4. febrúar 1974 framsendi hann beiðni þessa til þessa embættis.

Undir rekstri málsins hefur gerðarbeiðandi fallið frá kröfunni að svo stöddu um skattinn fyrir árið 1973, og er því lögtakskrafan kr. 3.120.000.

Ákveðið var að flytja mál þetta munnlega fyrir fógætaréttinum mánudaginn 8. apríl klukkan 1330. Skömmu áður en málflutningurinn átti að hefjast, hringdi lögmaður gerðarþola, Páll Línal borgarlögmaður, til fógæta og kvaðst ekki geta flutt málið sökum embættisanna. Lögmaður gerðarbeiðanda, Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, mætti á tilteknum tíma til málflutnings og mótmælti, að lögmanni gerðarþola yrði veittur nokkur frestur til málflutnings. Krafðist lögmaðurinn þess, að málið yrði tekið til úrskurðar um efnishlið, eins og það stæði. Fógæti tók þetta atriði til úrskurðar og úrskurðaði, að lögmaður gerðarþola fengi frest til munnlegs málflutnings til þriðjudags 16. apríl. Þennan úrskurð kærði lögmaður gerðarbeiðanda til Hæstaréttar.

Hæstiréttur ómerkti þennan úrskurð og vísaði málinu heim í hérað.

Hinn 24. þ. m. lýsti lögmaður gerðarþola því yfir, að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu, að málið yrði tekið til úrskurðar án málflutnings. Var því kröfu lögmanns gerðarbeiðanda fullnægt og málið tekið til úrskurðar.

Lögmaður gerðarþola hefur krafist þess, að málinu yrði vísað frá fógætadómi, þar sem ekki liggur fyrir úrskurður yfirfasteignamatsnefndar um gjaldskyldu gerðarþola, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972. Þessari kröfu mótmælti lögmaður gerðarbeiðanda.

Þegar virt er ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og tilorðning þess, virðist ljóst, að lögin ætlast til þess, að yfirfasteignamatsnefnd skeri úr um gjaldskuldir eða gjaldstofn, áður en málinu er vísað til dómstóla.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða réttarins sú, að synja beri um hina umbeðnu lögtaksgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarpóla kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurð þennan kvað upp Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta.

Því úrskurðast:

Hinni umbeðnu lögtaksgerð er synjað.

Gerðarbeiðandi, Mosfellshreppur, greiði gerðarpóla, Borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hitaveitu Reykjavíkur, kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 30. september 1975.

Nr. 35/1974. **Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Grími Halldórssyni Laxdal

(Ólafur Ragnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Legi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Lausafjárkaup. Gallar. Ábyrgðarskírteini. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 12. febrúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnda 27.000 krónur með vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.